



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 626

Halldór Magnússon
(1922-2011)

og

Magnús Skaftfjeld Halldórsson
(1893-1976)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.

Einkaskjalasafn nr. 626

Halldór Magnússon og Magnús Skaftfjeld Halldórsson

Formáli

Halldór Magnússon var fæddur á Skólavörðustíg 28 í Reykjavík 19. desember 1922. Foreldrar hans voru þau Steinunn Kristjánsdóttir (1893-1984) húsfreyja og Magnús Skaftfjeld Halldórsson bifreiðastjóri og bílainnflytjandi (1893-1976). Halldór ólst upp á Skólavörðustíg 28 ásamt systkinum sínum, Sigríði (1924) og Magnúsi (1926).

Halldór kvæntist Jóhönnu Guðmundsdóttur (1926-). Dætur þeirra eru: Vilborg (1957), Steinunn (1963) og Oddný (1967). Halldór var mikill fjölskyldumaður og dvaldi löngum stundum í sumarbústað sínum í Þingvallasveit sem hann og öll fjölskyldan hafði mikið yndi af.

Halldór gekk í Austurbæjarskóla og að honum loknum í Verzlunarskóla Íslands þaðan sem hann lauk prófi 1942. Hann réðst til Shell h.f. í febrúar 1943, sem varð síðar Olíufélagið Skeljungur, veitti forstöðu framkvæmdadeild fyrirtækisins frá árinu 1957 og starfaði þar óslitið til ársins 1993. Halldór var heiðraður af EPACT, alþjóðlegri umhverfisverndarhreyfingu um olíumál.

Frá bernsku hafði Halldór mikinn áhuga á flugi og tók einkaflugmannspróf 4. september 1946 og var hann með skírteini númer 38. Í félagi við bekkjarbróður sinn úr Verzlunarskóla Íslands, Jón N. Pálsson síðar flugvirkja, keypti hann Piper Cub vélina TF- KAK sem er elsta nýskráða einkaflugvél á Íslandi. Var vélin seinna notuð til kennslu hjá flugskólanum þyi enda hefur fjöldi íslenskra atvinnuflugmanna hafið ferilinn á þeirri vél. Halldór var gerður að heiðursfélagi í Vélflugfélagi Íslands og sæmdur silfurmerki alþjóðasamtaka einkaflugmanna AOPA árið 1989. TF- KAK hefur nýlega verið endurbyggð.

Halldór Magnússon lést 22. ágúst 2011.

(Heimild: *Morgunblaðið*, 30. ágúst 2011, bls. 20-21).

Magnús Skaftfjeld Halldórsson var fæddur að Brúsastöum í Þingvallasveit 23. maí 1893. Foreldrar hans voru þau hjónin Jóhanna Magnúsdóttir (1853-1935) húsfreyja og Halldór Einarsson (1852-1912) hreppstjóri. Þegar Magnús var 10 ára fluttust foreldrar hans búferlum að Kárastöðum í Þingvallasveit þar sem Magnús ólst upp við venjuleg sveitastörf fram undir tvítugt. Á unglingsárum gekk hann í Flensborgarskólann og lauk þaðan prófi 1911.

Magnús kvæntist, 22. desember 1921, Steinunni Kristjánsdóttur (1893-) málara í Reykjavík. Börn þeirra voru: Halldór (1922-2011), Sigríður og Magnús. Árið 1922 fluttu þau inn í húsið að Skólavörðustíg 28 sem Magnús hafði reist í félagi við vin sinn Ásgeir Jónasson og þar bjuggu þau æ síðan.

Á þessum árum var bifreiðaöld að ganga í garð á Íslandi og skömmu eftir tvítugt sneri Magnús sér að bifreiðaakstri. Hann tók bifreiðarstjórapróf árið 1915 og fékk ökuskírteini nr. 4. Eftir það varð bifreiðaakstur hans ævistarf, eða allt til ársins 1972. Um 1925 stofnaði hann leigubílastöð og rak hana um 30 ára skeið, fyrst undir nafninu Bifreiðastöð Magnúsar Skaftfjelds, en síðar undir nafninu Bæjarbílastöðin.

Magnús Skaftfjeld Halldórsson lést 7. ágúst 1976.

(Heimild: *Morgunblaðið*, 16. september 1976, bls. 31).

Afhending: Vilborg Halldórsdóttir og fjölskylda afhentu Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjöl Halldórs Magnússonar 18. maí 2016 og Magnúsar Skaftfjeld Halldórssonar 3. maí 2016.

Innihald: Bréf, afsöl, skólabækur, bókhaldsbækur, skjöl frá Bæjarbílastöðinni o.fl.

Tímabil: 1915-1983.

Magn: 4 öskjur.

Skjalaskrá

Halldór Magnússon

Askja 1

Bréfa- og málafn, skólabækur 1915-1970.

Örk 1

Póstkort til Jóhönnu Magnúsdóttur frá Siggu dóttur hennar, 1. nóvember 1915.

Afsal. Olíufélagið Skeljungur hf. selur Halldóri Magnússyni bifreiðina R-8652, 1. maí 1959.

Samúðarkort.

Samúðarkort og umslög vegna andláts Guðmundar Benjamínssonar, 1966.

Bifreiðaeftirlit Reykjavíkur, matseðill, 20. ágúst 1970.

Hjálparsjóður æskunnar. Gjafabréf og umslag, án árs.

Skólabækur

Sálfræði, glósubók.

Saga, glósubók.

Íslenska- Njála, glósubók.

Saga- stílar, stílabók

Danskir stílar og glósur, 5 bækur.

Enskir stílar og glósur, 4 bækur.

Þýskir stílar og glósur, 6 bækur.

Reikningsbækur, 4 bækur.

Vinnubók í landafræði og sögu.

Vinnubók í íslensku og sögu.

Vinnubók í landafræði.

Verslunarskóli- skólabækur

II. bekkur A: Íslenska, þýska, skrifbók, heima- og tímastílar.

III. bekkur A: Ensk verslunarbréf, höfuðbók 1940-1941, skriftarbók, íslenska, danskir stílar, þýskar glósur, enskar glósur.

IV. bekkur A: Stílar, íslenska, danskir stílar.

Skriftaræfingar.

Bókhald.

Bókfærsla.

Prójöfnuður.

Askja 2

Skólabækur, prentað mál, 1927-1953.

Frumbækur, II. 1939-1940, 3 bækur.

Aðalbók, II. bekk 1939-1940, 4 bækur.

Reksturs- og efnahagsreikningur 3. A, 1940-1941.

Reksturs- og efnahagsreikningur III. bekkur B.

Viðskiptamannabók, III. A.

Reksturs- og efnahagsreikningur.

Verslunarreikningur, 1936.

Mappa: Vörufræði og landafræði

Próf úr Verslunarskólanum, 1939-1942.

Magnús Magnússon, VI. B, reikningsbók.

Prentað mál

Helgi Hjörvar. *Forskriftabók*, 1. hefti.

Vald. V. Snævarr. *Kennslubók í eðlisfræði handa barnaskólum*, 1932.

Elías Bjarnason. *Reikningsbók handa börnum*, 1927.

Karlakór Reykjavíkur. *Alt Heidelberg*, sjónleikur, 1936.

Ferðafélag Íslands. *Ferðir um helgar*, 1947.

New Surway Map of Iceland, án árs.
Knattspyrnulög Íþróttasambands Íslands, 1938.
Kosningahandbókin, 1953.
Trausti Ólafsson. *Þrenningin*, 1945.
The ATCO Taximeter, án árs.

Askja 3

Bréfa- og málafn, prentað mál og bókhald, 1928-1983.

Steingrímur Arason. Reikningsbók handa alþýðuskólum, 1928.
Jón Ófeigsson o.fl. Kennslubók í dönsku, 1935.

Bókhaldsbók.

Húseignin Hörpugata 23 ásamt óbyggðri lóð á Hörpugötu 25, 1. ágúst 1938 til 18. júní 1941. Inn í bókinni eru reikningar frá árunum 1937-1942.

Örk 1

Olíufélagið Skeljungur hf.

Stofnsamningur fyrir Olíufélagið Skeljung hf., 1955.
Breyting á vinnutilhögun í olíustöð, 7. september 1965.
Bréf frá Viðskiptaráðuneyti til Skeljungs, 28. nóvember 1983.

Umsóknir um störf hjá Skeljungi:

Garðar Svavarsson. Sveinsbréf Garðars Svavarssonar í vélvirkjun, 15. maí 1952. Prófskírteini Garðars Svavarssonar, vélstjórpróf, 12. maí 1953. Stockholms Tekniska Institut. Afgångsbetyg från Högre Fackavkelningen för Maskin- och Verkstadsteknik, 29. maí 1956.

Umsókn Garðars Svavarssonar um starf sem auglýst er í *Morgunblaðinu* 28.ágúst 1965, 8. september 1965.

Ólafur Guðni Oddsson. Prófskírteini Ólafs Guðna Oddssonar, vélstjórpróf, 14. maí 1959. Prófskírteini Ólafs Guðna Oddssonar, rafmagnspróf, 21. maí 1960. Odense Maskinteknikums. Ingeniør i Maskinteknik, 18. október 1963. Umsókn Ólafs Guðna Oddssonar um starf auglýst 28. ágúst, 1. september 1965. Bréf frá Skeljungi til Ólafs G. Oddssonar, 10. september 1965.

Gunnar Erlendsson. Bréf til Gunnars Erlendssonar frá Skeljungi vegna starfs, 3. mars 1959.

Magnús Skaftfjeld Halldórsson

Örk 2

Headquarters Iceland Base Command. Leyfi til Bæjarbílastöðvar Reykjavíkur um að þeir megi biðja ameríska hermenn um skilríki, 1. janúar 1944.

Listi yfir bifreiðar og bifreiðastjóra á Bæjarbílastöðinni í Reykjavík, án árs.
Dómsmál, blaðsíður vantar inn í.

Örk 3

Bókhald: Vátryggingar, húsaleiga, bifreiðagjöld, afgreiðslugjald, viðhald og varahlutir í bifreiðar o.fl., 1943-1949.

Örk 4

Bókhald: Vátryggingar, húsaleiga, bifreiðagjöld, afgreiðslugjald, viðhald og varahlutir í bifreiðar o.fl., 1950-1959.

Kaupsamningur, eyðublað óútfyllt (2 samningar).

Askja 4

Viðskiptamannabók 1942-1948.

Viðskiptamannabók Bæjarbílastöðvarinnar, 17. júní 1942-1948.